

Sp.

96. Tillaga til þingsályktunar

[87. mál]

um rannsókn á styrkjum til landbúnaðarins.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm manna nefnd sérfróðra manna til að rannsaka, hvort og að hve miklu leyti bændastéttin og landbúnaðurinn njóti beint eða óbeint styrkja, framlaga og friðinda af hálfu hins opinbera umfram aðrar stéttir og aðra atvinnuvegi þjóðarinnar. Skal nefndin semja skýrslu um athuganir sínar og niðurstöður, og skal sú skýrsla birt almenningi. Nefndin skal ljúka störfum, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

Greinargerð.

Engum blandast hugur um það, að styrkir og framlög ýmiss konar af opinberri hálfu til einstakra stétta og atvinnuvega geta átt fyllsta rétt á sér. Um bændastéttina og landbúnaðinn heyrast því oft haldið fram, að styrkir til þessara aðila keyri mjög úr hófi fram og séu langt umfram það, sem aðrir verði aðnjótandi. Þessu andmæla þó bændur yfirleitt og telja slíkt tal bera vott um fjandskap við bændastéttina og vanþekkingu á högum hennar. Verður að telja nauðsynlegt að fá úr þessu skorið með hlutlausri rannsókn, enda verði niðurstöður hennar birtar öllum almenningi. Hlýtur bændastéttin einnig að telja það hagsmunamál sitt að fá þannig tækifæri til að hrinda af sér ámæli í þessum efnunum.

Með þingsályktunartillögu þessari er ekki lagður neinn dómur á, að það þurfi að vera óheilbriggt, þótt landbúnaðurinn kunni að vera styrktur umfram aðra atvinnuvegi landsmanna.